



Fjármála- og efnahagsráðuneytið,
Lindargötu 7,
101 Reykjavík.

Sent á tölvupóstfangið: jonatan.orlygsson@fjr.is

Reykjavík, 4. desember 2019.


Efni: Stafrænt Ísland - Tæknistefna island.is

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynnti beinar aðgerðir í þágu nýsköpunar á Íslandi á Tækni- og hugverkafingi Samtaka iðnaðarins (SI) 28. nóvember sl. Í ljósi þessara aðgerða, sem ætlað er að styðja við nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, telja SI mjög mikilvægt að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi við mótun miðlægrar þjónustugáttar undir merkjum island.is.

Í nýsköpunarstefnu fyrir Ísland er tekið fram að fjármagn eigi að renna til rannsókna og frumkvöðla fremur en í umsýslu og yfirbyggingu. Ein þeirra aðgerða sem Nýsköpunarráðherra kynnti í því samhengi er sú að í fjárveitingum til þeirra stofnana sem heyra undir ráðherrann verði gerð krafa um að hluta fjárveitinganna verði varið í aðkeyptar nýsköpunarlausnir. SI telja afar mikilvægt að þetta sjónarmið verði haft að leiðarljósi við ákvörðun um það hver þróar lausnir fyrir tæknistefnuna island.is. SI ítreka mikilvægi þess að hið opinbera notist við lausnir sem nú þegar eru til staðar á markaðnum. Ef fullnægjandi lausnum er ekki til að dreifa þá er mikilvægt að frumkvöðlar á sviði tæknilausna fái tækifæri til að hanna miðlæga þjónustugátt fyrir island.is.

SI leggja einnig til að skýrt verði kveðið á um útfærslu rekstrarforms island.is í tæknistefnunni. Ríkið er að selja aðgang að island.is í samkeppni við einkaaðila. Í stefnunni þarf að taka tillit til þess að hvaða leyti heimilt sé að veita fyrirtækjum aðgang að umræddum lausnum í einkarekstri sínum og hvernig skuli aðskilja þann hluta rekstrarins frá opinberum rekstri.

Virðingarfyllst,


Edda Björk Ragnarsdóttir
Viðskiptastjóri á hugverkasviði SI